

Fundagerð

Niðurskurður á leiðum 72 og 73

Fundagestir: Hulda Rós Bjarnadóttir, Friðrikka Jóhanna Hansen, Ásta Stefánsdóttir, Haraldur Þór, Ingunn Jónsdóttir, Sylvía Karen, Lína Björg Tryggvadóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Fjóla St. Kristinsdóttir, Soffía Sveinsdóttir, Sigursveinn Sigurðsson.

Fundaritari: Hulda Rós Bjarnadóttir



Hulda opnar fundinn, fer yfir samráðsfund mánudagsins og verkefnafund með SASS og FSU.

- Á verkefnafundi voru ræddir möguleikar sem stæðu til boða.
- Vegagerðin hefur fundað með verktaka til að fara yfir þá möguleika sem eru til staðar gagnvart útboðssamning.
- Farið yfir sviðsmyndir sem eru í boði, fá lögfræðifyrirstur hvort þær séu heimiliðar.
- Lausn í augsýn en ekki orðin opinber, þarf fyrst að staðfesta gagnavart gildandi útboðssamning.

Síða 1/4

Friðrikka – Mikilvægt að koma nemendum FSU í skóla, þ.e. halda inni morgunferðum á báðum akstursleiðum. Næst í forgangs röðinni eru síðdegisferðir. Sviðsmyndin í dag er að 72 og 73 aka óbreytt alla virka daga m.v. tvær ferðir á dag. Leið 73 fer aukaferð á föstudögum í dag og verður hún tekin út. Alls tvær ferðir alla virka daga á báðum akstursleiðum. Vegagerðin vill skoða hvort hægt sé að hafa betri tímasetningu. Leið 73 ekur í dag laugardaga og sunnudaga, en þeim akstri verður hætt og einnig hætt akstri á sumrin. Aðeins ekið skv. skóladagatali FSU. Þannig næst að halda rekstri innan fjármagns og lágmarkspjónustu. GTS [samningshafi og akstursaðili] tóku vel í þetta og lögfræðingar Vegagerðarinnar gefa grænt ljós. Þarf fyrst að kynna fyrir [innviða]ráðuneyti.

Rætt var á verkefnafundinum á miðvikudaginn að þetta er betri sviðsmyndin af þeim tveim sem metnar voru gerlegar. Hin myndin var akstur allt árið á báðum leiðum en eingöngu akstur á virkum dögum á morgnanna, s.s. ein ferð á dag á virkum dögum.

Fjóla – Var samningur útrunnin við framkvæmdaaðila?

Friðrikka – Nei, en það er ákvæði í samningnum um hverju megi breyta og hvernig staðið er að því.

Fjóla – Hjá sveitarfélögum er ekki hægt að minnka hlutfall gildandi þjónustusamninga. Er verið að minnka annarsstaðar þjónustu landsbyggðarvagna?

Vegagerðin

Friðrikka – Já, leiðir 50 á Vesturlandi og 61 á Vestfjörðum.

Fjóla – Vagninn kom ekki í dag á Borg. Erfitt að stóla á kerfið. Foreldra þurfa að keyra börnin í staðin.

Hulda – Vegagerðin fékk veður af umræddu atviki. Málið var skoðað af verktaka. Vagninn kom 10 mín of seint á Borg. Vegagerðin leggur áherslu á við alla verktaka að það sé mikilvægt að stöðvað er á biðstöðvum þar sem farþegar geta meðal annars verið að bíða inni í bíl eða inni í söluskálum/ípróttahúsum/upplýsingamiðstöðvum.

Ásta – Liggur fyrir að hvort [innviða]ráðuneyti skeri aðeins niður á Suðurlandi?

Vegagerðin – Það var skorið líka niður á Vesturlandi og Vestfjörðum. Vont að það komi sérstaklega niður á Suðurlandi. En þessi niðurskurður er aðeins 1/6 af heildinni í ár og 1/7 af næsta ári.

Sylvía – Getum við fengið tölur hve mikil áhrif þetta hefur á farþega á sumrin, helgar og á föstudögum.

Síða 2/4

Friðrikka – Já, Vegagerðin sendir þau gögn. Það eru vissulega farþegar á sumrin, en mun færri. Ákveðið að halda inni grunnþjónustu fyrir nemendur svo hún yrði minnst skert. Þetta skiptist til helminga hvort farþegar notuðu fyrri eða seinni ferð á föstudögum á leið 73.

Fjóla – Eru flestir svona seint í skólanum?

Sigursveinn – Flesta daga lýkur skóla 15:30 en 14:30 á föstudögum

Friðrikka – Fer yfir núverandi tímatöflu skv. heimasíðu strætó. Til þess að komast hjá bótaskyldu gagnvart verktaka munu breytingar taka gildi í fyrsta lagi 1. október nk.

Ingunn - Spyr hvort að Suðurland eigi von á meiri niðurskurði í ljósi þess að þau urði verst úti í þetta sinn.

Vegagerðin – Ekki hægt að lofar neinu. Það var skorið niður í covid og það hefur ekki komið til baka. Verið að skera aftur niður núna og Vegagerðin hefur bent stjórnvöldum ítrekað á að ekki er hægt að skera endalaust niður. Það er engin skilvirk þjónsta eftir þegar svo er komið. Í þeirri stöðu eru einhverjar þjónustur einfaldelga lagðar niður, annað óskynsemi gagnavart íbúum um nýtingu fjármagns.

Vegagerðin

Friðrikka – Vinnann að bakir gildandi útboðssamninga var að samræmi væri milli landshluta á þjónustu. Tillögur Vegagerðarinnar um niðurskurð voru gerðar á þann veg líka. Jafnræði skuli vera á milli akstursleiðanna. Vegagerðin lagði t.d. fram tillögur að skorið yrði jafnt niður á leiðum 50 (Akranes-Reykjavík), 51 (Selfoss-Reykjavík) og 55 (Reykjanesbær-Reykjavík). Leið 55 stendur óbreytt í dag, en dregið úr þjónustu á leiðum 50 og 51.

Ásta – Upphaflegur skólaakstur í FSU var færður inn í strætókerfið þegar Strætó byrjaði. Spurning hvor taka þurfi upp þann skólaakstur aftur.

Hulda - Við erum ekki með svör við þessu. Ráðuneytin [innviðaráðuneyti og svo mennta- og barnamálaráðuneyti] þurfa að tala saman til að fara yfir hvaða grunnþjónusta þurfi að vera í boði og hver eigi að sjá um hana.

Soffía - Sendi á [mennta- og barnamála]ráðuneytið fundagerð verkefnafundarinnis á miðvikudeginum. Sendi á formlega netfang ráðuneytisins og búin að vera í sambandi við tengilið skólans í ráðuneytinu. Búið að upplýsa [mennta- og barnamála]ráðuneytið en hefur ekki fengið nein viðbrögð. Ætlað að biðja átekta og sjá hvað kemur úr þessum fundi.

Fjóla - Var horft til notkunar á leiðum þar sem lagt var til að skorið væri niður?

Friðrikka – Já, það var horft á farþegafjölda og notkun.

Lína – Sveitarfélög þurfa að kynna fyrir ráðuneytinu að leiðin er á uppleið. Það skili hærri farþegatekjum að farþegafjöldi aukist.

Hulda - Vegagerðin stólar minna á farþegatekjur en t.d. höfuðborgarsvæðið. Farþegatekjur eru stór hluti af rekstri höfuðborgarvagna en hjá landsbyggðarvögnum er það mun minni hlutdeild. Stærsta hlutur reksturs landsbyggðarvagna er styrkveiting frá ríkinu. Sú hlutdeild minnkar ef farþegatekjur aukast. Reynsla síðustu ára hefur a.m.k. verið á þann veg. Vegagerðin á að horfa fyrst og fremst á að þjónusta íbúann en ekki ferðamenn. Sterkast í stöðunni að kynna fyrir [innviða]ráðuneyti að samfélagið þarf þessa þjónustu því það stóli á hana í dag. Ef þjónusta er tekin þá neyðast íbúar að flytja inn í þéttbýliskjarna eða kaupa bíl og þá fjölga bílum í umferð. FSU þyrfti einnig heimavist sem er þá kostnaður sem annað ráðuneyti þyrfti að borga fyrir.

Ingunn - Hefði haldið að meiri tekjur myndu hjálpa þarna. Undarlegt að fá minna fjármagn eftir því sem fargjaldatekjur aukast.

Aldís - Tekur undir það sem hún hefur heyrt, undarleg forgangsröðun. Undarlegt af ríkinu að framkvæma þjónustuna svona. Það er alþekkt að aðeins ein akstursleið borgar sig og það er leið 51. Restin er lítið notuð. Spurt er hvort það skorti á farþegatölum því það hljómar þannig? Þetta er náttúrulega skólavagn og það nýtist ekki að fara á Selfoss snemma á morgnanna og svo heim seint og síðarmeir. Mögulega komin upp sú staða að það hafi verið mistök að fella skólaakstur inn í strætó. Spurning hvort færa þurfi hann aftur til baka.

Friðrikka – Vegagerðin er með farþegatölur og skv. þeim tölum var farþegafjöldi á leiðum 72 og 73 fækkandi með árunum.

Aldís – Eftir niðurskurð eru akstursleiðarnar orðnar að skólaakstri. Vont að þetta miðist aðeins við skóla ekki ferðaþjónustu því margir íbúar á svæðinu starfa innan hennar á ferðaþjónustustusvæðum.

Ásta – Breytingarnar hafa áhrif á ML [Menntaskólann á Laugarvatni], að ekki sé akstur á sunnudögum. Mögulega hefur líka breytt þjónusta á föstudögum áhrif. Hér er verið að bjarga FSU en á sama tíma er verið að leggja af þjónustu fyrir nemendur ML. Óskað þessi athugasemd se bókuð.

Annað, þá er vitað að erfitt er að samræma tímatöflur akstursleiðanna fyrir íbúa í annað en vegna FSU. Fyrir vinnandi einstakling er það ódýrara að vera á einkabíl en strætó ef maður á bíl þá þegar. Það er t.d. mismunandi gjaldskrá eftir því hvort farið sé með leið 72 eða 73. Dýrara með annarri leiðinni. Hér er mikið ósamræmi.

Friðrikka – stemmir, það eru mörg dæmi um þetta í kerfinu. er kerfið sem vg tók við á sínum tíma frá samt. sveitarf. Enn að vinna í gegnum skaflinn að leiðréttu. eru komin út ný áskriftakort – byggðakort – en láðist að hafa uppsveitir með í því. verður bætt úr strax.

Hulda – Niðurlag fundar og yfirferð á því sem rætt hefur verið:

- Fundur opnaður með því að fara yfir málefni fyrri funda vikunar - mánudag og miðvikudag
- Farið yfir stöðuna og tillögu Vegagerðarinnar að breytingum á leiðum 72 og 73
 - o Enginn helgarakstur
 - o Enginn sumarakstur
 - o Breytingar taka gildi í fyrsta lagi 1. okt 2026
- Staðfestingu frá forstjóra Vegagerðarinnar þurfi fyrst áður en lengra er haldið. Því næst frá og [innviða]ráðuneyti og verktaka.

Síða 4/4

Fundi slitið

Vegagerðin